

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Snæfellsbæ.

Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar o.fl. að Stóra-Kambi í Breiðuvík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 20. júlí 2023, nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð o.fl. að Stóra-Kambi í Breiðuvík. Um er að ræða deiliskipulag fyrir frístundabyggð að Stóra-Kambi sem var auglýst fyrir allnokkrum árum, en gildistaka var aldrei auglýst. Því er tillagan auglýst sem nýtt deiliskipulag. Deiliskipulagið er í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag og því var lýsing ekki kynnt. Deiliskipulagið tekur til svæðis F-28 á dreifbýlisupprætti aðalskipulags sem er 6,1 ha að stærð og þar er gert ráð fyrir allt að 12 frístundahúsum. Deiliskipulagið tekur einnig til þjónustusvæðis við þjóðveg og opins svæðis austan frístundabyggðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 15. janúar 2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt FAÍ, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. janúar 2024